



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2017.

Umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 146. löggjafarþing 2016-2017. Þingskjal 559 - 426. mál.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur vill með umsögn þessari koma á framfæri afstöðu sinni til frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum sem felur í sér að nýtt refsíákvæði bætist við barnaverndarlög nr. 80/2002. Í frumvarpinu er lagt til að það varði allt að fimm ára fangelsi að tálma eða takmarka rétt foreldris til umgengni við barn sitt.

Af hálfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur er tekið undir þau sjónarmið að tálmun á umgengni og takmarkanir séu í ósamræmi við 1. gr. a barnalaga nr. 76/2003 og 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er hins vegar álitamál hvort það þjóni hagsmunum barnsins ávallt best að það foreldri sem barnið býr hjá þurfi að sitja í fangelsi í allt að fimm ár vegna tálmana eða takmörkunar á umgengni, sbr. 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 3. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hagsmunir barnsins skulu ávallt vera í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda en þeir eru m.a. að barn eigi að njóta öryggis og stöðugleika í uppeldisumhverfi sínu og njóta samvista við báða foreldra. Fari það foreldri í fangelsi, sem búið hefur barninu heimili og verið aðalumönnunaraðili þess, er ljóst að stöðugleiki barnsins að því er varðar búsetu, félagsleg og tilfinningatengsl, er ekki lengur fyrir hendi og samvistir við það foreldri munu takmarkast við heimsóknir í fangelsi. Meta þarf mikilvægi hagsmuna barnsins hverju sinni og þegar réttindi foreldra og barns skarast þurfa hagsmunir foreldra að víkja sbr. 3. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem mælir fyrir um að það sem barni eru fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar ráðstafanir eru gerðar sem varða börn. Er af hálfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur dregið í efa að fangelsisvist lögheimilisforeldris þjóni hagsmunum barnsins jafnvel þó á móti komi meiri samvistir við hitt foreldrið.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að gera megi ráð fyrir að aukið álag verði á barnaverndaryfirvöld, a.m.k. til að byrja með, verð frumvarpið að lögum. Hins vegar megi ætla að tafsöm og kostnaðarsöm meðferð mála hjá sýslumanni vegna tálmana á umgengni hverfi nánast. Því sé líklegra að kostnaður vegna tálmunarmála verði minni



Reykjavíkurborg

Barnavernd Reykjavíkur

frekar en aukist ekki síst fyrir málsaðila sjálfa. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur vekur athygli á því að ekki er gert ráð fyrir að aukið fjármagn fylgi nýjum verkefnum hjá barnaverndaryfirvöldum verði frumvarpið að veruleika þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að kostnaður ríkisins verði minni við breytingarnar. Ekki er frekar vikið að því athugasemdum með frumvarpinu hversu mikill fjöldi mála er um að ræða þannig að unnt sé að meta áhrif þess á starfsemi barnaverndaryfirvalda og þörf fyrir aukningu á starfsmönnum. Er því gerð athugasemd við skort á mati á áhrifum breytinganna á starfsemi barnaverndaryfirvalda, bæði kostnaðargreiningu og tölfræðiupplýsingar, en slíkt verður að telja nauðsynlegt eigi þau yfirvöld að taka við og sinna auknum skyldum og nýjum verkefnum verði frumvarpið að veruleika. Einnig má gera ráð fyrir því að aukið álag verði á lögreglu vegna rannsóknar slíkra mála og því aukinn kostnaður því samfara. Er af hálfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur talið farsælla að veita aukið fjármagn til fræðslu í forvarnarskyni til þess að koma frekar í veg fyrir að mál lendi í þessum erfiða farvegi.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur,

Anna Sigr. Örlygsdóttir,
lögfræðingur

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir,
framkvæmdastjóri